

Priðjudaginn 25. febrúar 1992.

Nr. 198/1990. **Íslandsbanki hf.**

(Jón G. Briem hrl.)

gegn

Henrik Thorarensen

(Atli Gíslason hrl.).

Vinnusamningur. Brottrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. maí 1990. Gerir hann þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda. Jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, sem beri dráttarvexti samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti, sem beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987. Þá krefst hann ómerkingar tiltekinna ummæla, sem fjallað er um í héraðsdómi, og viðurlaga á hendur áfrýjanda og lögmönnum hans. Stefndi hefur ekki gagnáfrýjað málinu, og kemur þessi kröfugerð því ekki til álita fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti hafði áfrýjandi uppi mótmæli gegn vaxtakröfu stefnda. Mótmæli þessi höfðu ekki komið fram áður, og þykja ekki efni til að taka þau til greina.

Að þessu athuguðu þykir bera að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Áfrýjandi verður samkvæmt þessum úrslitum dæmdur til að greiða stefnda 115.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Íslandsbanki hf., greiði stefnda, Henrik Thorarensen, 115.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. febrúar 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. febrúar sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 17. nóvember 1988, af Henrik Thorarensen, kt. 010550-3869, Einarsnesi 14, Reykjavík.

Málið var upphaflega höfðað gegn Útvegsbanka Íslands hf., kt. 440587-2169, Austurstræti 19, Reykjavík, en þar sem nafni bankans hefur nú verið breytt í Íslandsbanki hf., var nafni málsins breytt til samræmis við það.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 518.359 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaði].

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Málsatvik.

Af hálfu stefnanda er málsatvikum lýst á þann veg, að með sérstöku bankastjórabréfi, dags. 29. mars 1978, undirrituðu af meiri hluta bankastjórnar, hafi stefnandi verið ráðinn aðalféhirðir við útibú stefnda við Digranes í Kópavogi. Árið 1982 hafi hann verið valinn trúnaðarmaður starfsfólks á vinnustað og hafi gegnt því starfi fram í febrúar 1987, í tæp 5 ár.

Hinn 25. mars 1988 hafi verið gerð skyndikönnun á sjóðum gjaldkera í ofangreindu útibúi. Fóru talningarmenn yfir alla sjóði og fylgiskjöl þeirra. Að því starfi loknu hafi þeir yfirgefið útibúið, án þess að nokkrar athugasemdir væru gerðar.

Þriðjudaginn 29. mars 1988 kl. 16 hafi stefnandi verið kallaður fyrir Reyni Jónasson útibússtjóra og honum tjáð, að við skyndikönnunina 25. mars hefði komið í ljós, að hann hefði brotið gegn starsfreglum bankans. Hafi útibússtjóri síðan lesið upp úr skýrslu, sem Ingi R. Jóhannsson muni hafa samið vegna umræddrar könnunar og m.a. er í fjallað um meintar ávirðingar stefnanda. Að því loknu hafi Reynir afhent stefnanda bréf, undirritað af Jakobi Ármannssyni bankastjóra, þar sem fyrirvaralaust er rift ráðningarsamningi hans og stefnda. Í bréfinu segi orðréttt:

„Við skyndikönnun á sjóði Digranesútibús Útvegsbanka Íslands hf. sl. föstudag 25. mars 1988 komu í ljós alvarleg brot yðar, hvað varðar meðferð

á fjármunum bankans, þ.e. einkaafnot af sjóði og óheimil meðferð ávísana.

Með vísan til greinar 11.2.4. í kjarasamningi bankamanna er yður hér með vikið úr starfi.”

Í beinu framhaldi af afhendingu riftunarbréfsins hafi stefnandi verið krafinn um lykla að bankanum. Því næst hafi honum verið rakleiðis vísað á dyr.

Hin fyrirvaralaus riftun hafi gjörsamlega komið stefnanda í opna skjöldu, enda kannaðist hann ekki við þær ávirðingar, sem honum eru gefnar að sök. Hafði hann starfað í þjónustu stefnda og forvera hans í tæp 20 ár án þess að hafa nokkru sinni verið áminntur fyrir vanrækslu í starfi.

Þar sem stefnanda hafi ekki verið gefinn kostur á að tjá sig um hinar meintu ávirðingar, þegar honum var afhent riftunarbréfið 29. mars 1988, hafi hann margsleitað eftir því að fá að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Hafi hann m. a. ritað bankastjóra stefnda bréf, dags. 14. maí 1988, þar sem hann mótmælti ásökunum þeim, sem færðar voru fram til rökstuðnings riftuninni, og fór jafnframt fram á að fá eintak af skýrslu Inga R. Jóhannssonar eða a.m.k. útskrift úr henni, svo að hann gæti gert grein fyrir máli sínu.

Hinn 25. maí 1988 hafi verið boðað til fundar með stefnanda, þar sem viðstaddir hafi verið auk hans þeir Hallgrímur Snorrason, formaður bankaráðs stefnda, Jakob Ármannsson bankastjóri, Reynir Jónasson útibússtjóri og Hinrik Greipsson, formaður Samtaka íslenskra bankamanna. Á fundinum hafi komið fram, að til hans var boðað, þar sem sumum af forvígismönnum stefnda hafi þótt rangt og harkalega staðið að riftun ráðningarsamnings stefnanda. Á fundinum hafi stefnandi gert rækilega grein fyrir sjónarmiðum sínum, auk þess sem rækilega hafi verið farið í störf hans hjá stefnda. Hafi niðurstaða fundarins orðið sú, að mál stefnanda yrði endurskoðað og það síðan lagt fyrir bankaráð. Það hafi því komið stefnanda mjög á óvart, er honum var tilkynnt skömmu síðar, að ekki þætti ástæða til að draga riftunina til baka.

Hinn 14. júní 1988 hafi lögmaður stefnanda sent bankastjórn stefnda bréf, þar sem hann fór fram á að fá í hendur skýrslu Inga R. Jóhannssonar eða þann þátt hennar, er varðaði stefnanda. Hinn 8. júlí 1988 hafi lögmanni stefnanda borist bréf frá stefnda, þar sem því sé lýst yfir, að ekki væri unnt að láta skýrsluna af hendi, en í staðinn hafi verið rakinn sá hluti hennar, sem varðaði stefnanda.

Í bréfinu sé því haldið fram, að við skyndikönnunina 25. mars hafi í fylgiskjölum stefnanda fundist þrjár úttektarmiðar vegna hlaupareiknings hans nr. 777, sem settir hafi verið í gegn af honum, eftir að skoðunarmenn

voru komnir í bankann, í þeim tilgangi að draga fjöður yfir einkaafnot hans af sjóðnum. Í bréfi sínu til bankastjórnar stefnda, dags. 19. maí 1988, gerði stefnandi fulla grein fyrir þessum úttektum. Hafði hann þrisvar um daginn tekið út peninga af hlaupreikningi sínum til greiðslu á ýmsum reikningum. Hafi verið full innstæða á reikningi sínum fyrir umræddum úttektum. Ástæða þess, að úttektirnar voru bókaðar svo seint sem raun ber vitni, var sú, að mikið hafi verið að gera í bankanum þá um daginn, enda föstudagur, og því eðlilegt, að stefnandi biði með að afgreiða sig sjálfur þar til eftir lokun. Af hálfu stefnda sé því haldið fram, að stefnandi hafi viðurkennt, að úttektir hans brytu í bága við starfsreglur gjaldkera með því að afgreiða sig sjálfur, enda hafi sú venja viðgengist hjá gjaldkerum stefnda. Þá sé reynt að gera úttektir stefnanda tortryggilegar, þar sem þær voru þrjár, en ekki ein, og að þær hefðu átt að standa á jafnari tölum, þar sem um úttekt í mynt var að ræða. Ástæða þess, að úttektarmiðarnir voru þrír, eru þær, að þennan dag hafi stefnandi greitt þrjár alls ólíkar skuldir. Sú fullyrðing stefnda, að óeðlilegt sé, að úttektirnar hafi staðið á ójöfnum tölum, sé augljóslega út í hött. Það geti varla talist óeðlilegt, að skuldir manna standi á ójöfnum tölum.

Hin ástæðan, sem tilgreind sé fyrir riftun á ráðningarsamningi stefnanda, sé sú, að hann hafi gerst sekur um óheimila meðferð ávísana. Af orðalagi riftunarbréfsins, dags. 29. mars 1988, verði ráðið, að stefnandi sé sakaður um óheimila meðferð fleiri en einnar ávísunar. Í bréfi stefnda, dags. 8. júlí 1988, komi fram, að við athugun dagsfylgiskjala stefnanda hafi fundist ávísun, að fjárhæð 5.000 kr., á hlaupareikning í Búnaðarbanka Íslands, sem gefin var út 1. mars 1988, og dagsetningu breytt í 2. apríl sama ár og sett í gegn kl. 16.29 á talningardegi.

Í bréfi stefnda sé ekki fjallað nánar um þessa meintu ávirðingu, enda hafði stefnandi með bréfi, dags. 19. maí 1988, til bankastjórnar stefnda að fullu gert grein fyrir nefndri ávísun. Sú ávísun, sem verið hafi önnur aðalástæðan fyrir riftun ráðningarsamnings stefnanda, hafi verið innleyst af öðrum gjaldkera, Kolbrúnu Kristinsdóttur. Þegar talningarmenn hafi komið í útbúið, hafi Kolbrún verið búin að loka sínum sjóði og ætlað að geyma ávísunina til næsta dags. Þegar hún hafi séð talningarmennina, hafi hún beðið stefnanda að kaupa af sér ávísunina, þar sem sjóður hans var opinn. Hafi stefnandi fallist á það, en að öðru leyti hafi hann ekkert vitað um þessa ávísun annað en það, að Kolbrún hafði keypt hana.

Í áðurnefndu bréfi stefnda, dags. 8. júlí 1988, sé farið að tína til ýmis atriði, sem eigi að réttlæta riftun ráðningarsamningsins, en þeirra sé að engu getið í riftunarbréfinu. Einhver þessara atriða muni hafa borist í tal á fundi þeim, er stefnandi átti með fyrirsvarsmönnum bankans 25. maí 1988, en í bréfi stefnda sé m. a. gefið í skyn, að stefnandi hafi dregið sér

peninga í nóvember 1987 af sérstökum reikningi við útibúið. Þessi reikningur hafi verið fyrir fyrirframgreidd laun til starfsmanna útibúsins. Hafi reikningurinn verið í umsjá stefnanda með vitund og vilja útibússtjóra. Hafi því hér verið um að ræða fyrirframgreidd laun til stefnanda með samþykki útibússtjóra. Sé því haldið fram af stefnda, að stefnandi hafi blekkst útibússtjórn til að samþykkja yfirvinnugreiðslu fyrir vinnu, sem aldrei var skilað. Stefnandi hafi samið um þessar greiðslur við útibússtjóra fyrir alla starfsmenn útibúsins, er unnu á síðdegisvöktum. Hafi yfirvinnugreiðslan falist í því, að þeir, sem unnu lengur en til kl. 18.00, hafi fengið hálfu klukkustund greidda aukalega og þeir, sem unnu frá kl. 18.30 til kl. 19.00, hafi fengið eina klukkustund greidda aukalega. Þegar um þessar yfirvinnugreiðslur hafi verið samið, hafi stefnandi verið trúnaðarmaður starfsmanna.

Þá sé stefnanda gefið að sök í áðurnefndu bréfi stefnda að hafa staðið fyrir framlengingu víxils, að fjárhæð 220.000 kr., ótal sinnum án samþykkis útibússtjóra. Stefnandi hafi ekki verið í aðstöðu til þess að kaupa víxla fyrir útibúið án samþykkis deildarstjóra víxladeildar og/eða útibússtjóra. Hafi endurnýjun víxilsins alltaf verið með samþykki og ábyrgð víxladeildar. Stefnanda sé einnig gefið að sök að hafa keypt ávísanir af einum viðskiptamanna útibúsins þrátt fyrir að vera kunnugt um, að hann ætti í verulegum fjárhagsörðugleikum. Ávísanirnar, sem síðar reyndust innstæðulausar, hafi stefnandi dregið að innheimta, þar til að hann hafi sent þær lögfræðingi til innheimtu í september 1987. Allt þetta hafi verið án vitundar útibússtjóra. Það hafi verið í verkahring stefnanda sem aðalféhirðis útibúsins að senda ávísanir í lögfræðinniheimtu, og hafi hann ekki þurft að ráðgast við útibússtjóra um sérhverja ávísun. Áður en ávísanirnar voru sendar í lögfræðinniheimtu, hafi stefnandi sjálfur reynt að innheimta þær. Sé því ekki óeðlilegt, að liðið geti nokkur tími, þar til ávísanir eru fengnar lögfræðingi til innheimtu. Að umræddur viðskiptavinur bankans ætti í fjárhagserfiðleikum, hafi stefnanda verið ókunnugt.

Er nýr útibússtjóri tók við útibúi stefnda í desember 1987, hafi stefnandi verið kvaddur á hans fund og hann spurður, hvort hann geymdi ávísanir fyrir starfsfólkið í sjóði. Kvað stefnandi svo ekki vera. Stefnandi hafi hins vegar tjáð honum, að á fyrirframlauhareikningi væri ávísun frá sér og öðrum starfsmönnum útibúsins.

Eins og fyrr sé rakið, séu aðeins tilgreindar tvær ástæður fyrir riftun á ráðningarsamningi stefnanda, annars vegar, að hann hafi misfarið með fjármuni bankans með einkaafnotum af sjóði, og hins vegar með óheimilli meðferð ávísana. Aðrar þær ávirðingar, sem stefndi hafi tínt til, eftir að ráðningarsamningi stefnanda var rift 29. mars 1988, séu máli þessu óviðkomandi. Stefnandi mótmæli þeim ásökunum og öðrum sem röngum, enda

hafi hann aldrei, hvorki fyrr né síðar, fengið áminningu fyrir ávirðingar í starfi.

Af hálfu stefnda er málavöxtum lýst svo í greinargerð, að 25. mars 1988 hafi verið gerð skyndikönnun á sjóði útibús bankans að Digranesvegi 5, Kópavogi. Auk þess hafi nokkrir þættir í bókum útibúsins verið kannaðir.

Könnun þessa hafi annast Ingi R. Jóhannsson, löggiltur endurskoðandi og kjörinn skoðunarmaður bankans, Haukur Harðarson, kjörinn skoðunarmaður bankans, og Sverrir Matthíasson, innri endurskoðandi hans. Þeir hafi komið í útibúið kl. 16.15 þennan dag og hafi verið þar við störf til kl. 19.15.

Ingi R. Jóhannsson hafi gert skýrslu um könnun þessa. Skýrslan hafi verið kynnt formanni bankaráðs, sem hafi lagt hana fyrir bankaráðsfund 29. mars 1988. Á grundvelli hennar hafi bankaráð tekið ákvörðun um tafarlausa brottvikningu aðalgjaldkera útibúsins úr starfi. Þessi ákvörðun hafi verið bókuð með eftirgreindum hætti í gjörðabók bankaráðs: „Lögð fram skýrsla Inga R. Jóhannssonar, löggilts endurskoðanda, um skyndikönnun í Digranesútibúi bankans sl. föstudag. Í ljós komu alvarleg brot yfirgjaldkera útibúsins, hvað varðar meðferð á fjármunum bankans, þ.e. einkaafnot af sjóði og óheimil meðferð ávísana.

Bankaráð samþykkti, að yfirgjaldkeranum yrði vikið úr starfi nú þegar.”

Á fundinum hafi síðan verið lögð drög að uppsagnarbréfi til stefnanda og Jakobi Ármannssyni aðstoðarbankastjóra falið að undirrita það í fjarveru bankastjóra og jafnframt kynna formanni starfsmannafélags bankans, Björgu Sigurðardóttur, framvindu mála, sbr. ákvæði greinar 11.2.4. í kjarasamningi bankamanna. Hafi fundur þeirra verið haldinn kl. 15.00 þennan sama dag. Á honum hafi formanninum verið kynntur aðdragandi málsins og efni uppsagnarbréfsins.

Síðar sama dag var stefnanda afhent uppsagnarbréfið og honum jafnframt gert að láta af störfum þá þegar.

Í tilefni bréfa starfsmannafélags bankans, dags. 18. maí 1988, og stefnanda, dags. 19. maí s.á., hafi fundur um mál stefnanda verið haldinn 25. maí 1988. Fram komi í stefnu, hverjir sátu fund þennan.

Því sé mótmælt, að forsvarsmenn stefnda hafi sagt, að þeim þætti rangt og harkalega staðið að riftun ráðningarsamnings stefnanda, enda hafi niðurstaðan orðið sú, að fyrri ákvörðun bankans hafi í engu verið breytt.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er á því byggt í máli þessu, að riftun stefnda á ráðningarsamningi þeirra hafi verið ólöglegt og því eigi hann rétt á skaðabótum úr hendi stefnda. Stefndandi hafi að engu leyti vanefnt samning sinn og

stefnda, hvað þá, að um hafi verið að ræða verulega vanefnd, sem sé skilyrði þess, að rifta megi ráðningarsamningi.

Stefnandi hafi aldrei þau tæp 20 ár, sem hann hafi starfað hjá stefnda og forvera hans, fengið áminningar fyrir vanrækslu í starfi, hvorki skriflega né munnlega.

Þá sé á því byggt, að stefnandi hafi átt rétt á að tala máli sínu, áður en lokaákvörðun um riftun var tekin. Það hafi ekki verið fyrir en á fundi, sem haldinn var 25. maí 1988, þ.e. tæpum tveimur mánuðum eftir riftun ráðningarsamningsins, að honum var gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við fyrirvarsmenn stefnda.

Á því sé byggt, að skylt hafi verið að gefa formanni starfsmannafélags stefnda kost á að fylgjast með málsmeðferðinni. Það hafi ekki verið gert, og hafi formaður starfsmannafélagsins ekki fengið vitneskju um mál stefnanda fyrir en kl. 15.00 þriðjudaginn 29. mars 1988. Þá hafi verið búið að taka ákvörðun um riftunina og skrifa bréf þar að lútandi.

Stefnandi sundurliðar kröfugerð sína þannig:

1. Grunnlaun 4,5 mán. x 87.873 kr. 263.619
2. Siðdegisvaktir 4,5 mán. x 4.287 kr. 12.861
3. Yfirvinna 4,5 mán x 13.445 kr. 40.335
4. Orlofsfé 13,04% af 475.222 kr. 41.313
5. 25% vegna 13. mánaðar skv. venju kr. 21.968
6. Sama vegna orlofsframl. fr. 4.2.2. kr. 6.453
7. Afm. uppb. kr. 131.810.

Endanlegur höfuðstóll dómkröfu sé því kr. 518.359.

Stefndi reisir málsástæður sínar á því, að stefnandi hafi orðið uppvis að svo alvarlegu broti í starfi, að réttlæti fyrirvaralaus brottvikningu úr því, sbr. 11.2.4. í kjarasamningi bankamanna. Með háttsemi sinni hafi stefnandi brotið starfsreglur bankans í verulegu atriði og raunar gerst sekur um fullframið fjárdráttarbrott, sbr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Bankagjaldkera beri að halda aðgreindum eigin fjárhag og fjármunum bankans. Þetta leiði af eðli starfans og sé viðtekin skoðun íslenskra dómstóla, þegar um trúnaðarvörslur fjármuna í annarra þágu er að ræða, sbr. Hrd. 1977, bls. 631. Í þessu felist m.a., að bankagjaldkeri megi ekki afgreiða sig sjálfur. Sú starfsregla sé innprentuð bankagjaldkerum, og sé raunar í verkahring aðalgjaldkera að sjá til þess, að aðrir gjaldkerar virði hana. Því sé mótmælt sem rangri þeirri staðhæfingu Hinriks Greipssonar á dskj. nr. 9, þar sem segi sjálfsafgreiðslu gjaldkera viðgangast í Útvegsbankanum. Hann muni og sjálfur viðurkenna mistök við vottorðsgjöf þessa.

Verknaðarlýsing sé afar ónákvæm í stefnu. Þar segi og, að stefnandi hafi með bréfi sínu til bankastjórnar 19. maí gert fulla grein fyrir úttektum sínum. Með því sé vísað til 2. mgr. á fyrri síðu bréfs stefnanda til bankastjórnar Útvegsbanka Íslands hf. á dskj. nr. 6. Hver, sem lesi, sjái, hversu fráleitt sé að kalla þá umfjöllun fullnægjandi skýringu. Þá sé sú staðhæfing í stefnunni, að stefnandi hafi þrívægis umræddan dag tekið fjárhæðir út af tékkareikningi sínum, álika ónákvæm, því að hann tók að eigin sögn peninga í seðlum úr sjóði bankans til ráðstöfunar í eigin þágu.

Gengið hafi verið í skrokk á stefnanda á fundi þeim, sem haldinn var 25. maí 1988. Á honum hafi aðalgjaldkerinn viðurkennt, að þessar úttektir brytu í bága við starfsreglur, en slíkt brot teldi hann ekki óvanalegt. Hann hélt því fram, að ekkert óeðlilegt væri við þessar úttektir, hann hefði tekið fé þetta út í seðlum til þess að greiða ýmsa reikninga, og ástæður þess, að úttektirnar voru bókaðar eins seint og raun var, hefðu verið annríki í bankanum á föstudegi. Stefnandi hafi neitað að gefa frekari skýringu á því, hvers vegna hann, að eigin sögn, hefði tekið út svo mikið fé í seðlum, enda teldi hann það einkamál sitt. Þá hafi hann ekki viljað útskýra, hvers vegna úttektirnar væru þrjár, en ekki ein, né af hverju þær stæðu á stökum tölum, en ekki jafnari, sem viðmælendum hans á fundi þessum virtist eðlilegra, ef marka mætti þann framburð hans, að um töku peninga úr sjóði fyrir þennan dag hefði verið að ræða.

Það að taka peninga úr sjóði til að greiða „ýmsa einkareikninga“ væri þjófnadur, sbr. 244. gr. hgl., ef ekki kæmu til vörslur fjármunanna. Þær geri brotið að fjádráttarbroti, sbr. ritið Auðgunarbrot eftir Jónatan Þórmundsson, bls. 52, þar sem bankagjaldkerar eru sérstaklega nefndir.

Á fyrrgreindum fundi hafi stefnanda gefist kostur á að skýra sitt mál. Þar sem hann brást við með ofangreindum hætti, hafi bankaráðsformaður, sem fundinn sat, ekki talið efni til að leggja til breytingu fyrri ákvörðunar um brottvikningu stefnanda.

Fram komi í gögnum málsins, að stefnandi átti innstæðu á hlaupareikningi sínum, en 18. mars hafi 700.000 kr. verið lagðar inn á reikninginn. Úr því að innstæða var næg á hlaupareikningnum, hefði þá ekki verið nærtækara að greiða „ýmsa einkareikninga“ með ávísun á reikning sinn í stað þess að taka ófrjálsri hendi peninga úr sjóði bankans til eigin ráðstöfunar?

Ef skjöldur stefnanda var svo hreinn sem hann vill vera láta, hvers vegna gaf hann sig þá ekki fram við skoðunarmenn, er þeir birtust, og gerði grein fyrir málstað sínum?

Þess í stað hafi stefnandi reynt að fara leið, sem til þess var fallin að hylja ummerki, gert tilraun til að leyna broti sínu. Við aðkomu skoðunarmanna að sjóði hafi hann reynst hreinn, en við sérstaka skoðun dagsfylgi-

skjala hafi útmiðarnir þrír fundist og fimm þúsund króna ávísun, sem í málskjöllum greini.

Breytingar á dagsetningu ávísunar þessarar hafi bent til þess, að hún hefði legið í sjóði stefnanda einhvern tíma.

Starfsregla gjaldkera sé, að í sjóði eigi við lok starfsdags aðeins að vera seðlar og mynt. Það að geyma ávísanir í sjóði feli í sér brýnt brot á starfsreglum, en að slíku hafi stefnandi áður orðið uppvis, sbr. umfjöllun í málskjöllum um kaup tveggja ávísana, sem reynst hafi innstæðulausar. Stefnandi hafi greitt andvirði þessara ávísana út í reiðufé, en geymt svo í sjóðnum, eftir að upplýst var um innstæðuleysi þeirra, frá því í maí fram í september 1987, svo að um samsvarandi sjóðsvöntun hafi verið að ræða þennan tíma í þágu útgefanda ávísananna. Samkvæmt kenningum refsiréttar þurfi auðgunarásetningur ekki að lúta að eigin auðgun. Ávísanir þessar séu enn ógreiddar.

Eins og fyrr greini, sé á því byggt, að stefnandi hafi orðið uppvis að svo alvarlegu broti í starfi, að réttlæti fyrirvaralaus brottvísun.

Samkvæmt kjarasamningi bankamanna sé greint á milli tvenns konar uppsagna, annars vegar uppsagna undir venjulegum kringumstæðum og þá með fyrirvara eða uppsagnarfresti. Um þess konar uppsögn fjalli ákvæði greina 11.2.2. og 11.2.3.

Hins vegar séu svo fyrirvaralausar uppsagnir. Um þær sé fjallað í gr. 11.2.4. Séu skilyrði þeirrar greinar uppfyllt, eigi ákvæði greina 11.2.2. og 11.2.3. ekki við. Þetta sé í samræmi við almennar reglur vinnumarkaðsréttar, sbr. Hrd. 1977, bls. 1328, en niðurstaða hans sé, að þegar um alvarleg brot í starfi sé að tefla, eigi reglur um uppsagnarfresti ekki við.

Aðspurður á fundi þeim, sem haldinn var 25. maí 1988, um þær staðhæfingar sínar, að hann hefði aldrei fengið áminningu í starfi, hafi stefnandi svarað því til, að hann ætti við skriflegar áminningar. Spurningu um það, hvort hann teldi sig ekki hafa verið áminntan munnlega, svaraði hann svo, að hann hefði verið skammaður, eins og gengur og gerist.

Eins og áður sé fram komið, sé á því byggt, að ákvæði greinar 11.2.3. í kjarasamningi eigi ekki við, þegar skilyrðum gr. 11.2.4. sé fullnægt. Skipan ákvæðis um formann starfsmannafélags í báðar þessar greinar styðji ótvírætt þá niðurstöðu. Þá sé áður komið fram, hvernig stefnandi nýtti sér tækifærið til þess að skýra mál sitt á fundinum 25. maí 1988 með því að neita að skýra peningatöku sína úr sjóði bankans og lýsa sitt einkamál.

Á því sé byggt af hálfu stefnda, að sá háttur, sem á var hafður á kynningu máls stefnanda fyrir formanni starfsmannafélags bankans 29. mars og lýst sé fyrr í greinargerð stefnda, hafi uppfyllt fyrirmæli ákvæða gr. 11.2.4. í kjarasamningi bankamanna.

Við munnlegan málflutning lýsti talsmaður stefnda yfir því, að ekki væri

gerður tölulegur ágreiningur um stefnufjárhæð, yrði sýknukrafa stefnda ekki tekin til greina.

Niðurstaða.

I.

Með bréfi Útvegsbanka Íslands hf., dags. 29. mars 1988, var stefnanda máls þessa, sem starfað hafði sem yfirgjaldkeri í Digranesútibúi Útvegsbanka Íslands hf. frá 29. mars 1979, vikið úr starfi. Ástæður brottrekstrar, sem tilgreindar voru í bréfinu, voru þær, að við skyndikönnun á sjóði útibúsins hefði komið í ljós alvarlegt brot stefnanda, hvað varðaði meðferð á fjármunum bankans, þ.e. einkaafnot af sjóði og óheimil meðferð ávísana. Umrædd einkaafnot og óheimil meðferð ávísana eru ekki skýrð nánar í nefndu bréfi.

Fram hefur komið, að Reyni Jónassyni útibússtjóra var af hálfu bankaráðs falið að afhenda stefnanda bréfið og skýra fyrir honum ástæður brottrekstrarins. Kallaði hann stefnanda fyrir sig og las fyrir hann úr skýrslu Inga R. Jóhannssonar endurskoðanda vegna skyndikönnunar, er gerð var í Digranesútibúi Útvegsbanka Íslands hf., þau atriði skýrslunnar, er snertu stefnanda og voru tilefni brottvikningar hans.

Í nefndri skýrslu Inga R. Jóhannssonar segir um Henrik:

„Sjóður Henriks Thorarensens var hreinn við talningu, en þegar fylgiskjöl dagsins voru skoðuð, fundust þrjár úttektarmiðar á hlr. 777, sem er reikningur Henriks við útibúið, en þeir greindust þannig:

| | |
|---------------------------|-------------|
| * Bókfært kl. 16.28 | kr. 372.710 |
| * Bókfært kl. 16.34 | kr. 30.490 |
| * Bókfært kl. 16.41 | kr. 34.750 |

Þessar færslur eru „settar í gegn“ af yfirgjaldkera, eftir að skoðunarmenn eru komnir í bankann, í þeim tilgangi að draga fjöður yfir einkaafnot hans af sjóðnum.

Við athugun á stöðu hlr. 777 kom í ljós, að Henrik átti innstæðu á móti þessum úttektum, en 18. mars sl. voru 700.000 kr. lagðar inn á reikninginn.

Auk framangreindra atriða kom fram í athugun dagsfylgiskjala ávísun, útgefin af á hlr. 15 - 1 í Búnaðarbanka Íslands, 5.000 kr., sem var útgefin 1. mars 1988 og dagsetningu breytt í 2. apríl sama ár og „sett í gegn“ kl. 16.29 á talningardegi.“

Eins og áður segir, er ekki í brottrekstrarbréfinu skýrt nánar, hvað við sé átt með einkaafnotum af sjóði, en telja verður, að í þessu orðalagi felist ásökun um meintan fjárdrátt, enda á því byggt af hálfu stefnda.

Endurskoðendur þeir, sem gerðu umrædda skyndikönnun, hafa komið

fyrir dóminn og gefið skýrslu. Voru þeir m.a. spurðir um þann hluta skýrslunnar, þar sem segir: „Þessar færslur eru „settar í gegn“ af yfirgjaldkera, eftir að skoðunarmenn eru komnir í bankann, í þeim tilgangi að draga fjöður yfir einkaafnot hans af sjóðnum.” Af framburði þeirra má ráða, að þeir hafi dregið þá ályktun, að um sjóðsvöntun hefði verið að ræða í sjóði stefnanda, sem stefnandi hafi verið að leyna með umræddum færslum. Hins vegar kom fram í framburði þeirra, að talning hefði ekki farið fram dagana á undan og engin sérstök könnun á því gerð, hvort eitthvað hefði vantað í sjóð stefnanda dagana á undan. Telja verður því ósannað, að um slíkt hafi verið að ræða.

Upplýst er, að ákæra var ekki lögð fram á hendur stefnanda vegna meints fjárdráttarbrotis, og opinber rannsókn fór ekki fram á meintu broti stefnanda.

Óumdeilt er, að stefnandi afgreiddi sig sjálfur. Hann tók peninga úr sjóði, en á móti lagði hann með fylgiskjölum þrjá úttektarmiða á hlaupareikning sinn þarna við útibúið. Við yfirheyrslu fullyrti stefnandi, að hann hefði tekið peninga úr sjóði, um leið og úttektarmiðarnir voru bókaðir, þ.e. eftir lokun útibúsins, og því rangt, sem áður hefði verið fullyrt, að hann hefði tekið þá fyrr um daginn.

Ekki þykir sýnt fram á af hálfu stefnda, að stefnandi hafi gert þetta í auðgunarskyni eða verið með þessu að draga sér fjármuni bankans, heldur hafi stefnandi með þessum hætti verið að nálgast innstæðu, sem hann átti á sínum reikningi. Ekki er heldur fallist á það með stefnda, að stefnandi hafi með athöfnum sínum reynt að fara leið, sem til þess væri fallin að hylja ummerki og leyna broti stefnanda, eins og segir í greinargerð stefnda, enda hefur Ingi R. Jóhannsson endurskoðandi skýrt svo frá, að úttektarmiðarnir hafi legið með fylgiskjölum og stefnandi engu leynt í því sambandi. Þá hefur ekki komið fram annað en að úttekt af hlaupareikningi stefnanda hafi farið fram samkvæmt nefndum úttektarmiðum, enda innstæða fullnægjandi samkvæmt því, sem fram hefur komið.

Þegar framanritað er virt, þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að stefnandi hafi í skilningi 247. gr. laga nr. 19/1940 dregið sér fjármuni bankans, og þeirri málsástæðu stefnda, að stefnandi hafi gerst sekur um fjárdráttarbrot, því hafnað.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að stefnandi hafi með því að afgreiða sig sjálfur brotið starfsreglur bankans. Upplýst er, að engar skriflegar reglur lágu fyrir um störf gjaldkera. Fram hefur komið við yfirheyrslur, að það viðhorf virðist hafa verið ríkjandi í Útvegsbanka Íslands hf., að gjaldkerar afgreiddu sig ekki sjálfir, en hins vegar kom fram í framburði Kolbrúnar Kristinsdóttur og Auðar Eirar Guðmundsdóttur gjaldkera, að þeim var kunnugt um, að slíkt hefði viðgengist, og samkvæmt framburði

Auðar Eirar fengu gjaldkerar áminningu um að gera það ekki, kæmi slíkt fyrir. Með hliðsjón af framburði þeirra svo og framburði Ísaks Arnar Hringssonar, fyrrverandi aðalféhirðis Útvegsbankans, þykir ekki sýnt fram á, að um afdráttarlausu reglu hafi verið að ræða, sem stefnandi hafi brotið með því að afgreiða sig sjálfur, enda ósannað gegn andmælum stefnanda, að honum hafi sérstaklega verið kynnt slík regla, þó að ætla megi, að honum hafi verið kunn ríkjandi viðhorf, hvað þetta snerti, eftir þann tíma, sem hann starfaði sem gjaldkeri. Þá er ósannað, að stefnandi hafi hlotið áminningu, munnlega eða skriflega, fyrir brot á slíkum starfsreglum.

Jón Þ. Hilmarsson endurskoðandi gat þess í framburði sínum varðandi þessar umræddu hreyfingar á hlaupareikningi stefnanda, að eðlilegra hefði verið, að þær væru gerðar með ávísun, en ekki úttektarmiðum, og kvaðst hann ekki hafa rekist á það fyrr í bankanum, að menn hafi notað úttektarmiða með þessum hætti. Auður Eir Guðmundsdóttir bar, að slíkir úttektarmiðar væru venjulega notaðir við leiðréttingar og millifærslur. Stefnandi hefur borið, að hann hafi ekki átt hlaupareikningshefti og hafi því notað þessa úttektarmiða, sem hann hafi oft notað ásamt öðrum starfsmönnum bankans.

Ekki liggur fyrir, að bann hafi legið við því að nota umrædda úttektarmiða með þeim hætti, sem stefnandi gerði, og eins og áður er rakið, liggur ekki annað fyrir en að úttekt hafi farið fram af reikningi stefnanda samkvæmt þessum úttektarmiðum.

Önnur ástæða, sem tilgreind var fyrir fyrirvaralausri brottvísun stefnanda, var óheimil meðferð hans á ávísunum. Eins og áður er rakið, var þessi ástæða byggð á fyrrgreindri skýrslu endurskoðenda, en þar er einungis fjallað um eina ávísun, og er henni lýst hér að framan.

Kolbrún Kristinsdóttir, gjaldkeri í Digranesútibúi, hefur borið hér fyrir dómi, að stefnandi málsins hafi skipt umræddri ávísun fyrir sig. Hún hafi haft þessa ávísun í veski sínu frá þeim aðila, sem gaf hana út, og hafi hún þurft að leysa ávísunina út. Hún hafi verið búin að loka sínum sjóði og því snúið sér til stefnanda, sem hafi afgreitt sig, og hafi verið um alveg venjulega afgreiðslu að ræða. Aðspurð um það, hver hefði breytt dagsetningu ávísunarinnar, kvað hún þann, sem hana gaf út, hafa gert það.

Með hliðsjón af framburði þessa vitnis verður að telja ósannaðar þær fullyrðingar stefnda, að nefnd ávísun hafi legið í sjóði stefnanda einhvern tíma. Er því ósannað, að stefnandi hafi í þessu tilviki brotið þá starfsreglu bankans að geyma ekki ávísanir í sjóði.

Þegar virt er það, sem að framan er rakið, þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að stefnandi hafi í umræddum tilvikum brotið starfsreglur bankans í svo verulegu atriði, að heimili fyrirvaralausu brottvísun úr starfi og riftun á ráðningarsamningi hans. Ber því að taka til greina kröfu stefnanda um

skaðabætur, og þar sem ekki er tölulegur ágreiningur í máli þessu, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Stefnandi hefur sett fram kröfu um, að eftirfarandi ummæli verði dæmd dauð og ómerk og að stefndi og málflytjandi hans verði sektaðir fyrir þau skv. 5. tl. 1. mgr. 188. gr. laga nr. 85/1936 eða látnir sæta vítum:

1. Á bls. 2 í greinargerð stefnda:
„...og raunar gerst sekur um fullframið fjárdráttarbrot, sbr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940“.
2. Á bls. 3 í greinargerð stefnda:
„þær gera brotið að fjárdráttarbroti....“.
3. Á bls. 3 í greinargerð stefnda:
„...í stað þess að taka ófrjálsri hendi peninga úr sjóði bankans til eigin ráðstöfunar“.
4. Á bls. 4 í greinargerð stefnda:
„Við aðalmeðferð málsins verður fjárdráttarbrotið nánar útlistað...“.
5. Ummæli talsmanns stefnda í málflytningi 27. nóvember um stefnanda, er hann gaf skýrslu fyrir dómi, og eru ummælin þessi:
„flæktur í eigin ósannindavef“.
6. Eftirfarandi ummæli talsmanns stefnda í ræðu við munnlegan málflytning 27. nóvember sl.: „uppvís að fjárdráttarbroti“.

Kröfu sína rökstyður stefnandi með þeim hætti, að ummælin séu ósæmileg og verulega meiðandi fyrir stefnanda og fjölskyldu hans. Í þessum ummælum sé fullyrt, að fullframið auðgunarbrot hafi átt sér stað, en fyrir því sé engin sönnun í málinu. Vakti hann athygli á því, að ummælin væru sett fram í opinberum skjölum og stefnandi fengi ekki uppreisn æru, nema kröfur hans næðu fram að ganga að þessu leyti. Máli sínu til stuðnings vísaði stefnandi til 241. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu stefnda var þessari kröfu mótmælt. Rökstuddi stefndi mótmæli sín með þeim hætti, að stefndi gæti ekki dregið ummæli sín til baka, þar sem þau tengdust meginmálsástæðu stefnda í málinu. Varðandi ummæli undir tölulíð 5 vísaði stefndi til framburðar stefnanda hér fyrir dóminum.

Með hliðsjón af því, að ummæli nr. 1, 2, 3, 4 og 6 eru sett fram sem liður í vörn stefnda og tengjast einni meginmálsástæðu hans í málinu, sem reyndar var hafnað í niðurstöðu dóms þessa, eins og áður er rakið, þá þykir framsetning þeirra ekki vera með þeim hætti, að þau beri að ómerkja. Verður krafa stefnanda varðandi þessi ummæli því ekki tekin til greina.

Eftir kröfu stefnanda þykir hins vegar rétt að ómerkja ummæli nr. 5, og ber að dæma þau dauð og ómerk, enda hefur stefndi ekki sýnt fram

á, að ósamræmi í framburði stefnanda hafi verið með þeim hætti, að réttlæti slík stóryrði, sem telja ber, að felist í þessum ummælum. Ekki þykja þó efni til að dæma stefnda eða málflytjanda hans til að greiða sektir eða til að sæta vítum.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 113.000 kr.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., greiði stefnanda, Henrik Thorarensen, 518.359 kr. með 45,6% ársvöxtum frá 1. apríl 1988 til 1. maí 1988, með 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1988, með 52,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1988, með 52,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1988, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1988, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1988, með 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 17. nóvember 1988, en frá þeim degi og til greiðsludags með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, þannig, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. apríl 1989, allt í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987.

Framangreind ummæli undir tölulíð 5 eru dæmd dauð og ómerk.

Þá greiði stefndi, Íslandsbanki hf., stefnanda, Henrik Thorarensen, 113.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, þar með talda vaxtavexti skv. 12. gr. laganna.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.